

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá um samræmda stjórn ýmissa sjóða, sem eru tengdir Háskóla Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. maí 1975.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

um samræmda stjórn ýmissa sjóða, sem eru tengdir Háskóla Íslands.

### 1. gr.

Skipulagsskrá þessi gildir um sjóði, tengda Háskóla Íslands, sem taldir eru í 7. gr. Skulu sjóðir þessir bera sameiginlega heitið Sjóðasafn Háskóla Íslands.

### 2. gr.

Stjórn Sjóðasafns skal þremur mönnum, sem háskólaráð skipar til tveggja ára í senn. Háskólaráð kys til sama tíma tvo endurskoðendur reikninga Sjóðasafns.

### 3. gr.

Stjórn Sjóðasafns sér um vörslu eigna Sjóðasafns og ákveður með hvaða hætti fé skuli ávaxtað, en reikningshaldi hvers sjóðs skal þó haldið sérgreindu.

### 4. gr.

Á ári hverju skal heimilt, eftir nánari ákvörðun stjórnar, að verja fé af tekjum Sjóðasafns í þágu einhvers þess markmiðs, sem einstökum sjóðum hefur verið ætlað að gegna samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár eða öðrum fyrirmælum. Eftir því sem við verður komið, skal haga úthlutun þannig, að hlutverk allra sjóða Sjóðasafns verði rækt sem best, með hliðsjón af efnum sjóðs og öðrum atriðum, sem máli skipta.

### 5. gr.

Háskólaráð getur ákveðið, ef sérstakar ástæður mæla með því, að sjóður skuli skilinn frá Sjóðasafni. Skal þá um leið setja fyrirmæli um framtíðarskipulag sjóðsins, eftir því sem við á.

### 6. gr.

Skipulagsskrám einstakra sjóða í Sjóðasafni er breytt til samræmis við ofangreind ákvæði 1.—5. gr. skipulagsskrár þessarar.

### 7. gr.

Eftirtaldir sjóðir eru teknir í Sjóðasafn Háskóla Íslands samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár þessarar:

Afmælisgjöf styrktarsjóðs verslunarmanna á Ísafirði.  
 Bókastyrktarsjóður prófessors Guðmundar Magnússonar.  
 Bræðrasjóður Háskóla Íslands.  
 Dánargjöf Gunnlaugs Kristmundssonar sandgræðslustjóra.  
 Dánargjöf Þórarins Jónssonar á Halldórsstöðum.  
 Dánarsjóður Björns M. Ólsens.  
 Foreldra og sjö bræðra sjóður.  
 Framfarasjóður stúdenta.  
 Gjafasjóður Jóns og Þóru Magnússon.  
 Gjafasjóður Þorkels Þorlákssonar.  
 Gjögf Hannesar Þorsteinssonar.  
 Gjögf heimfararnefndar Þjóðræknisfélagsins 1930.  
 Halldórs Andrésssonar gjögf.

Háskólasjóður hins íslenska kvenfélags.  
 Heiðurslaunasjóður Benedikts S. Þórarinssonar.  
 Minningarsjóður Alexanders Jóhannessonar.  
 Minningarsjóður Benedikts Sveinssonar sýslumanns.  
 Minningarsjóður sýslumannshjóna Eggerts og Ingibjargar Briem.  
 Minningarsjóður stud. juris Halldórs Hallgríms Andréssonar.  
 Minningarsjóður Hannesar Hafsteins.  
 Minningarsjóður Haralds prófessors Nielssonar.  
 Minningarsjóður lektors Helga Hálfánarsonar.  
 Minningarsjóður Jóns prófests Guðmundssonar.  
 Minningarsjóður Jóns Ólafssonar alþingismanns.  
 Minningarsjóður Jóns biskups Vídalíns.  
 Minningarsjóður Ólafs Lárussonar prófessors.  
 Minningarsjóður Páls Bjarnasonar.  
 Minningarsjóður Páls Melsted stúdents.  
 Minningarsjóður frú Sigríðar Magnúsdóttur.  
 Minningarsjóður Skúla Jónssonar.  
 Minningarsjóður systkinanna frá Auðsholti.  
 Minningarsjóður Þorkels Jóhannessonar rektors.  
 Námsstyrktarsjóður Ólafs Guðmundssonar og Katrínar Sveinsdóttur.  
 Prestaskólasjóður.  
 Rasks-sjóður.  
 Styrktarsjóður Jóhanns Jónssonar.  
 Styrktarsjóður Lárusar H. Bjarnasonar.  
 Styrktarsjóður læknadeildar H. Í.  
 Verðlaunasjóður dr. juris Einars Arnórssonar.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og prenta hana í Árbók Háskóla Íslands.

Nr. 222.

28. apríl 1975.

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Valgerðar, Guðrúnar og Önnu Steinsen, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. apríl 1975.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Valgerðar, Guðrúnar og Önnu Steinsen.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Valgerðar, Guðrúnar og Önnu Steinsen.

## 2. gr.

Sjóðurinn er myndaður með dánargjöf Valgerðar Steinsen, samkvæmt erfðaskrá, og gjöfum til minningar um Guðrúnu og Önnu Steinsen.